

október 2007
Uppfærð 04.10.2012

Handbók Foreldrafélags Hrafnagilsskóla



Útgáfa 1

Inngangur

Handbók þessi er hugsuð til þess að auðvelda stjórnarmönnum foreldrafélagsins störf og auka aðgengi foreldra, skólastjórnenda og fræðsluyfirvalda að upplýsingum um starfsemi þeirra. Einnig hefur foreldrahandbókin að geyma upplýsingar sem snúa að foreldrastarfi og samskiptum heimilis og skóla.

Hægt er að nálgast handbókina hjá foreldrafélagi eða á heimasíðu skólans sem er www.krummi.is. Fyrirspurnir eða athugasemdir skulu sendar til stjórnar Foreldrafélags Hrafnagilsskóla á netföng stjórnarmeðlima (á heimasíðu skólans www.krummi.is).

Markmið handbókarinnar eru:

- Að skýra og efla starf foreldrafélags og bekkjarfulltrúa
- Að veita foreldrum upplýsingar um þætti sem tengjast foreldrasamstarfi og samskiptum heimilis og skóla
- Að auðvelda störf stjórnarfólks og tryggja samfellu í starfinu
- Gera starf foreldrafélags sýnilegra í skólasamfélaginu og auka skilning á mikilvægi þess meðal foreldra og forráðamanna

Efnisyfirlit

Inngangur	i
Markmið	i
Efnisyfirlit	i
1 Foreldrafélag Hrafnagilsskóla (FFH)	1
1.1 Almenn markmið	1
1.2 Stjórn FFH	1
1.3 Lög Foreldrafélags Hrafnagilsskóla	1
1.4 Samráðsfundir innan skólans	2
2 Fræðsla og kynningar	3
2.1 Kynning fyrir bekkjarfulltrúa	3
2.2 Fræðsla og forvarnir	3
2.3 Starfsáætlun	3
3 Bekkjarfulltrúar	4
3.1 Skilgreining á starfi og verksviði bekkjarfulltrúa	4
3.2 Samstarfsverkefni bekkjarfulltrúa	4

1 Foreldrafélag Hrafnagilsskóla (FFH)

Allir foreldrar og forráðamenn nemenda í Hrafnagilsskóla eru félagar í Foreldrafélagi Hrafnagilsskóla (FFH).

1.1 Almenn markmið

Meginmarkmið FFH kemur fram í 2.gr. laga félagsins en það er að styðja og styrkja starfsemi skólans, gæta hagsmuna nemenda og foreldra og stuðla að framkvæmd ýmissa mála í þágu skólans og nemenda hans.

1.2 Stjórn FFH

Stjórn FFH skipa fimm aðalmenn, formann, ritara, gjaldkera, tvo meðstjórnendur og sjá þeir um kosningu í lögum félagsins. Tveir menn eru kosnir í stjórn annað hvert ár og þrír hitt árið til tveggja ára í senn. Stjórn foreldrafélags skipar, með sama hætti, einn í skólaráð, einn í skólanefnd, einn í grænánaverkefni skólans og einn í vinnuhóp um skólastefnu skólans.

1.3 Lög Foreldrafélags Hrafnagilsskóla

1. gr. Félagið heitir Foreldrafélag Hrafnagilsskóla. Félagar eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda skólans.
 2. gr. Tilgangur og markmið;
 - a) að styðja og styrkja starfsemi skólans.
 - b) að gæta hagsmuna nemenda og foreldra.
 - c) að stuðla að góðu samstarfi milli heimila og skóla.
 3. gr. Tilgangi og markmiðum sínum hyggst félagið ná með því;
 - a) að halda fræðslufundi sem fjalla um ýmis uppeðismál.
 - b) að veita aðstoð og/eða eiga frumkvæði að skipulagi og starfi.
 - c) að styðja félags- og menningarlíf innan skólans.
 4. gr. Aðalfundur skal haldinn í september ár hvert. Skal hann boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara. Á dagskrá fundarins skal vera;
 - a) skýrsla um störf stjórnar.
 - b) kosning stjórnar.
 - c) önnur mál.
 5. gr. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum. Kjósa skal tvo menn í stjórn annað hvert ár og hitt árið þrír menn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.
Kjósa skal einn mann í skólaráð annað hvert ár.
Stjórnin getur einnig skipað í nefndir til ýmissa sérstarfa.
Stjórnin stýrir og ber ábyrgð á allri starfsemi félagsins á milli aðalfunda.
 6. gr. Stjórnin skal leitast við að fá tengilið úr hópi kennara sem boðaður yrði á stjórnarfund þegar þurfa þykir.
-

-
7. gr. Lagabreytingar er aðeins hægt að gera á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta fundarmanna.
 8. gr. Félagið má því aðeins leggja niður að 2/3 hluti félagsmanna greiði því atkvæði sitt á aðalfundi. Skulu þá eignir félagsins renna til Hrafnagilsskóla.
 9. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

1.4 Samráðsfundir innan skólans

Stjórn FFH fundar reglulega og er í nánú samstarfi við foreldra þegar upp koma mál sem talin er ástæða til að rædd séu á breiðari grundvelli. Haustið 2006 var tekin upp sú nýjung að einn fulltrúi stjórnar FFH situr einnig í skólaráði og skólanefnd.

FFH heldur samráðsfundi einu sinni á ári með svo kölluðu fulltrúaráði en í því eiga sæti allir bekkjafulltrúar og stjórn foreldrafélags. Stjórn FFH boðar til þessara funda með tölvupósti á uppgefin netföng og bréflaga til þeirra sem ekki hafa netföng. Skólastjóri skal boðaður á fulltrúaráðsfundi ef ástæða er talin til.

FFH heldur fund með skólastjórnendum a.m.k. einu sinni á hverju skólaári.

2 Fræðsla og kynningar

2.1 Kynning fyrir bekkjarfulltrúa

Bekkarfulltrúar fá kynningu á hlutverki sínu á fyrsta fulltrúaráðsfundi vetrarins. Þeir fá einnig afhent gögn og upplýsingar sem auðvelda þeim að skipuleggja starfið innan bekkjanna. Ef fulltrúa vantar frá einhverjum bekkjum á fulltrúaráðfundum skal senda þeim þau gögn sem dreift er á fundinum bréfleiðis og kynna þeim það með tölvupósti.

2.2 Fræðsla og forvarnir

Foreldrafélag Hrafnagilsskóla stefnir að því að halda a.m.k. eitt fræðslukvöld fyrir foreldra og forráðamenn á vetri hverjum.

2.3 Starfsáætlun

Á fyrsta fulltrúaráðsfundi vetrarins eru lögð fram drög að starfsáætlun vetrarins og grein gerð fyrir áætluðum tekjum og kostnaði.

3 Bekkjarfulltrúar

3.1 Skilgreining á starfi og verksviði bekkjarfulltrúa

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi nemenda, foreldra og kennara. Í hverri bekkjardeild eru tveir bekkjarfulltrúar og er starfstími þeirra tvö ár. Í fyrsta bekk er þó annar valinn til eins árs og þannig tekur til starfa nýr bekkjarfulltrúi árlega. Meðal verkefna bekkjarfulltrúa er:

- að stuðla að og skipuleggja bekkjarhittinga svo að nemendur og foreldrar hittist reglulega á ári til að kynnst og skemmta sér saman, hvort sem er innan eða utan skóla.
- að sjá til þess að safnað sé í bekkjarmöppu myndum og fleiru sem gaman er að eiga til seinni tíma.
- að vera tengiliðir bekkjarins við foreldrafélag skólans.
- að taka þátt í fundum og miðla upplýsingum í báðar áttir.
- að hafa frumkvæði af því að virkja sem flesta foreldra í bekkjarstarfinu
- að vera tengiliðir foreldra innbyrðis.
- að skipuleggja fjáraflanir í samráði við umsjónarkennara og aðra foreldra í 9. og 10. bekk.
- að hvetja foreldra til að koma á viðburði foreldrafélagsins, td. fyrirlestra.
- að bekkjarfulltrúar skulu gæta þess að hafa velferð nemenda, foreldra og kennara að leiðarljósi í bekkjarstarfinu og virða trúnað um persónulega hagi nemenda og foreldra.

3.2 Samstarfsverkefni bekkjarfulltrúa

Í öllum bekkjum skipuleggja bekkjarfulltrúar ásamt kennurum og foreldrum viðburði innan hvers bekkjar t.d. bíóferðir, sund, matarkvöld og ísferðir.

Yngsta stig 1.- 4. bekkur

Jólafondur er haldið í lok nóvember ár hvert og sér stjórn FFH um að kalla saman bekkjarfulltrúa á fund í byrjun nóvember til að skipuleggja jólafondrið.

Haldin er sameiginleg árshátíð á tímabilinu febrúar - mars ár hvert. Framkvæmd og umsjón er í höndum kennara og bekkjarfulltrúa sem virkja foreldra með sér. Nánari upplýsingar um árshátíðina eru geymdar á skrifstofu ritara.

Vinahópar hafa verið í gangi í sumum bekkjum og sjá umsjónakennarar og bekkjarfulltrúar um þá.

Miðstig 5.-7. bekkur

Sameiginleg árshátíð er haldin á tímabilinu febrúar-apríl og er framkvæmd og umsjón í höndum kennara og bekkjarfulltrúa sem einnig virkja foreldra með sér. Nánari upplýsingar um árshátíðina, veitingar o.fl. er hægt að nálgast á skrifstofu ritara.

Bekkjarfulltrúar halda jólakortakvöld í byrjun aðventu í samráði við foreldrafélagið.

Unglingastig 8. - 10. bekkur

Unglingastig heldur sameiginlega árshátíð á tímabilinu feb-mars og er sama skipulag á þeirri árshátíð og hjá yngri stigum. 9. bekkur tekur við fjáröflun eftir árshátíðina af 10. bekk og annast hana fram að næstu árshátíð. Safnað er fyrir ferðalagi að loknum 10. bekk. Kennarar og foreldrar aðstoða nemendur við fjáröflunina og eru ýmsar leiðir farnar. 10 bekkur sér um sjoppu í skólanum (á opnu húsi hjá unglingastiginu), selur veitingar á Degi íslenskrar tungu 16 nóv. og síðan hafa þau selt ýmislegt fleira t.d. harðfisk, hákarl, wc pappír, köku basar og lottó. Einnig hafa þau boðið upp á bílaþvott og bón o.fl.

Nemendur unglingastigs og starfsfólk skólans borða saman kvöldverð, kvöldið fyrir litlu jólin í mötuneyti skólans. Bekkirnir þrír skipta með sér verkum við að skreyta, þjóna til borðs og sjá um skemmtiatriði en matreiðslan er í höndum starfsfólks mötuneytis.

Viðburðir sem eru haldnir á vegum skólans eru meðal annars stuttar ferðir (á söfn, stofnanir, fyrirtæki) með einstaka bekki, leikhúsferðir, skíðaferðir, útivistadagar og vorhátíð (grill og leikir í lok skólaárs). Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu skólans og eru einnig merktar inn á skóladagatalið.